

Fundargerð

283. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 25. mars 2020 kl. 9⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

LHG bauð Hildi Hauksdóttur (HH) velkomna til starfa í stjórn í stað Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur.

2. Plast

Lagt var fram á fundinum erindi þar sem óskað er eftir greiðslu frá Úrvinnslusjóði fyrir unnið efni í birgðageymslum. Efnið yrði selt síðar þegar aðstæður á mörkuðum hafa lagast. Stjórnarmenn spurðu hvort að nánari upplýsingar lægju fyrir um væntanlega framvindu á sölu á framleiddu efni. Svo er ekki. Stjórnarmenn ræddu hvort að vandi við að afsetja framleiðsluna stafaði af Covid faraldrinum eða einhverju öðru. Stjórnarmenn óskuðu eftir að ÓK aflaði nánari upplýsinga um stöðuna fyrir næsta stjórnarfund.

3. Raftæki

Ók fór yfir að hækkun á endurgjaldi vegna meðhöndlunar raftækja sem fjallað var um á síðasta stjórnarfundum hafi ekki dugað lengi. Borist hafi tilkynning um óvænta lækkun, í miðjum marsmánuði, frá móttakanda efnisins. ÍG gerði grein fyrir stöðunni.

4. Rekstur

ÓK fór yfir rekstur vörflokka á síðasta ári með hliðsjón af rekstraráætlun ársins með helstu afkomutölum. ÓK fór yfir heildartölur sjóðsins fyrir 2019 ásamt rekstraráætlun fyrir árið með deildum skjá.

Næstu skref er að stilla af rekstraráætlun án ársreiknings eins og undanfarin ár. Í framhaldinu að skoða fyrstu 3 mánuði 2020 til að gera áætlun ársins og áfram Stjórn ræddi um horfur á þessu og næstu árum hvað varðar álagningu og ráðstöfun með hliðsjón af rekstraráætlun.

5. Veifarferi

Samband íslenskra sveitarfélaga óskað eftir umfjöllun um veiðarfærasamning Úrvinnslusjóðs við SFS, framkvæmd og árangur. Fulltrúi frá SFS sem á að fara yfir framkvæmdina forfallaðist.

Frestað.

BGH fór yfir að verið væri að fresta umræðum um veiðarfærasamningnum í annað eða þriðja skipti og biður um að hann verði framar á dagskránni næst.

6. Stefnumótun

Lögð voru fram á fundinum drög að bæklingi vegna stefnumótunar frá Guðrúnu Ragnarsdóttur.
Stjórn ræddi drögin. Umræðu frestað.

7. Fundartímar

Tillaga lá fyrir á fundinum um að færa fund sem ráðgerður var 8. apríl 20 til 15. apríl 20.
Samþykkt að halda óbreyttri fundaáætlun og halda fund 8. apríl kl. 9:00.

8. Önnur mál

Engin

Næsti fundur 8.apríl 2020 kl. 9:00
Fundi slitið kl. 10.45